

þ. m., vil jeg hjer með leyfa, að haldið verði til ágóða fyrir húss- og bústjórnar- **63**  
skólann í Reykjavík lotterí um 6 vetra gamlan reiðhest, er skólanum hefir verið **25. maí**  
gefinn, með þeim skilyrðum, að eigi sjú gefnir út fleiri sedlar til nefnds lotteris  
en 2000, og hver sedill seldur á 50 aura, og að því áskildu, að nákvæmlega sje  
hlýtt reglum þeim og ráðstöfunum, er þjer sem lögreglustjóri gjöríð til þess að  
allt fari vel og rjettilega fram.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-  
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendum.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um lán** **64**  
**handa Strandasýslu til vegagjörða.** Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu **25. maí**  
og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14.  
þ. m., vil jeg hjermeð veita sýslusjóði Strandasýslu 3200 króna lán úr viðlaga-  
sjóði landssjóðs til vegagjörða á sýsluveginum yfir Bitruháls og Stíkuháls í nefndri  
sýslu, gegn því að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með jöfn-  
um afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjermeð þjónustasamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar  
leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um** **65**  
**lán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til vegagjörða.** — Eptir móttöku þóku- **3. júní**  
anlegs brjefs yðar, herra amtmaður, dagsetts 1. þ. m., hefi jeg veitt sýslusjóði  
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1000 króna lán úr landssjóði til vegabóta á  
sýsluvegum í nefndri sýslu með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4%  
árlega og endurborgist á 10 árum frá lántökudegi að telja með jöfnum af-  
borgunum.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um** **66**  
**lán handa Kjósar- og Gullbringusýslu til vegagjörða.** — Samkvæmt beiðni sýslu- **15. júní**  
nefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu í brjefi, dagsettu 11. þ. m., er borízt  
hefir hingað beina leið, og að fengnu samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir hönd  
amtsráðs Sudutamtsins í brjefi yðar til sýslumannsins í nefndri sýslu, dagsettu í  
dag, hefi jeg veitt sýsluvegasjóði optnefndrar sýslu 3000 króna lán úr landssjóði  
í viðbót við áður fengið lán til vegagjörðar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur  
með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með  
jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
legar leiðbeiningar og frekari birtingar.